

Skipulagsnefnd Garðabæjar - 10 (13.8.2015) - Sjálandsskóli,(Langalína 8) br á dsk Ása og Grunda. Skólalóð.

Málsnúmer : 1502269
Málsaðili : Garðabær
Niðurstaða (stutt) :
Fundardagur : 13.08.2015

Inngangur :

Niðurstaða : Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Ása og Grunda sem nær til lóðar Sjálandsskóla að lokinni kynningu sem stóð frá 15.mai til 26.júní. Tillagan gerir ráð fyrir því að skólalóð stækki og að aðkoma frá Löngulínu breytist. Athugasemdabréf hefur borist frá stjórn Húseigendafélagsins að Löngulínu 2. Athugasemd er gerð við fækkun bílastæða við aðkomu að Löngulínu og óskað eftir því að girðing og gróðurbelti verði á lóðarmörkum. Skipulagsnefnd bendir á að markmið breytingarinnar er að auðvelda flæði bifreiða við inngang skólans með snúningsaðkomu. Bílastæði fyrir Sjálandsskóla eru austan við bygginguna með aðkomu frá Vífilssstaðavegi og er því aðeins um skammtímaæði að ræða við aðkomu frá Löngulínu. Skipulagsnefnd leggur til að gert sé ráð fyrir því í deiliskipulagi að girðing og/eða gróðurbelti verði inn á skólalóðinni meðfram lóðarmörkum frá Lönguhlínu að Hraunsholtslæk. Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna með framangreindri breytingu í samræmi við 3.mgr.41.gr.Skipulagslaga.